

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. maí 2021 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Þverholt 13,

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Þverholt 13, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu miðvikudaginn 5. maí nk.

Tillagan er í kynningu frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð:

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/thverholt-13>

Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Þverholt 13

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts vegna lóðarinnar nr. 13 við Þverholt. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa sex hæða íbúðarhús á lóðinni, með að hámarki 38 íbúðum, þar sem 5. og 6. hæð eru inndregnar. Í bílgeymslu verða 25 bílastæði, en ekið verður í bílgeymslu nyrst á lóðinni. Lóð austan við hús verður í samræmi við lóð á reit E og innan lóðar verður tenging frá lóð að Þverholti ásamt því að tenging milli baklóða reits E og Þverholts 13 verður tekin upp á ný á lóð Þverholts 13. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **5. maí 2021 til og með 22. júní 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 22. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgafið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**